

Ásgeir Jónsson

Villta vestrið á Íslandi

Dagar villta vestursins í Bandaríkjunum hafa verið gerðir ódauðlegir um alla heimsbyggðina með bókum og kvikmyndum. Yrkisefni vestranna eru vitaskuld sígild en sögu sviðið sjálft hefur hins vegar einstakt aðdráttarafl. Vestrarnir eru vitaskuld ekki sagnfræðirit og hinn horfni heimur frá árunum 1860–1880 hefur löngu verið umsaminn eftir lögmálum þjóðsögunnar. Hins vegar er athyglisvert hvernig vestrið hefur verið endurskapað. Engum dettur núna í hug að kúrekarnir hafi haft gaman af leikritum eða bókmenntum en í þeim pappaborgum sem kvikmyndaverin í Hollywood hafa reist virðast dans, drykkja og dufl vera eina dægradvölin sem þeir eiga völin á. Samt var það svo að flestir bæir þar vestra – þótt rykugir væru – höfðu leikhús til hliðar við þá staði sem buðu upp á áfenga drykki og tilkippilegt kvenfólk. Annars voru verkin oft sett upp undir berum himni eða jafnvel á kránum sjálfum. Og það sem meira er. Bróðurparturinn af leiksýningunum í villta vestrinu voru verk eftir William nokkurn Shakespeare sem kúrekarnir sóttu í þegar hlé gafst frá rekstrinum. Skáldið góðkunna frá Stratford var með afbrigðum vinsælt í vestrinu, hvort sem var meðal gullgrafara í Kaliforníu eða kúasmala á sléttunum miklu sem vildu gjarnan lyfta sér upp yfir annir hversdagslífsins.

Auðvitað voru sýningarnar eilítið villtari en nú tíðkast og sumir sýningargesta eilítið ákafir. Gamanþættir, jafnvel dansandi hestar, gátu átt til að birtast á sviðinu eftir að sýningu lauk á *Ríkarði III* eða *Makbeð*. Leikarar sem fyrir stundu höfðu framið dramatískan leik komu nú aftur fram á sviðið og létu öllum illum látum. Þá gátu kúrekarnir oft verið hljóðasamir undir sýningum enda lá þeim oft mikið á hjarta eftir langa útivist á sléttunum miklu. En þrátt fyrir að eiga til óróleika og hávaða voru áhorfendur hrifnæmir mjög og hlógu eða grétu eftir því sem tilefni gáfust. Ef leikhópurinn þótti standa sig vel var peningum og jafnvel gullmolum hent á sviðið, en aftur á móti ef frammistaðan var slök létu sýningargestir grænmeti fljúga í leikarana. Þeir sem léku voru vitaskuld margir áhugaleikarar en einnig þótti það gott til fjár fyrir

atvinnuleikara að fara í sýningarferðalög til vestursins því launin þar voru mun hærrí en þekktist í stórborgum austurstrandarinnar.

Skáldsaga Owen Wisters *Virginíuverjinn* (e. *The Virginian*) er talin marka upphaf vestrabókmennta eins og þær þekkjast nú, en hún var gefin út árið 1902. Þar greinir frá hetjulegum kúreka – eins og lög gera ráð fyrir – sem hefur tilvitnanir í Shakespeare á reiðum höndum. Á einum stað fer söguhetjan með ljóðlínur úr *Hinriki fimmta* og segir síðan kokhraustur: „Þetta eru ljóð sem eru laus við fátánleika“ (e. „This is poetry without bein' foolish“). Nú, nærri einni öld síðar, getur kúreki mæltur á Shakespeare vart talist laus við fátánleika fyrir flestu fólki. Hægt er að bera *Virginíuverjann* saman við aðra vestrabókmenntahetju sem velþekkt er á okkar tíma – byssumanninn Morgan Kane. Morgan Kane þessi kvað vera skapaður af norskum bónda undir dulnefninu Louis Masterson og hafa rúmlega 60 bindi í vasabroti verið gefin út á íslensku um afrek hans í villta vestrinu. Eins og sannri nútímahetju sæmir hefur Morgan Kane aldrei litið í bók eða séð leikrit og aðdáendum hans myndi líklega bregða í brún ef hann tæki upp á slíku. Stundum er sagt að hver kynslóð endurskapi fortíðina í sinni eigin mynd og það hefur sannarlega gerst. Verk Shakespeares voru hluti af alþýðumenningu nítjándu aldar í Bandaríkjunum þegar engin skil voru á milli afþreyingar annars vegar og listar hins vegar. Þessi skil hafa aftur á móti skapast á okkar dögum.

Hér verður því haldið fram að finna megi hliðstæðu á milli alþýðuhylli Shakespeares í villta vestrinu og vinsælda Íslendingasagna á nítjándu öld og síðan dvínandi vinsælda á tuttugustu öld. Á Íslandi hefur alþýðumenning nítjándu aldar – eins t.d. í ljóðagerð – klofnað í tvennt á milli almúgans annars vegar og menningarvita hins vegar. Ef til vill munu Íslendingasögurnar – seint og um síðir – fá þá viðurkenningu á alþjóðavettvangi sem þær eiga skilda sem bókmenntaverk líkt og verk Shakespeares. En það skiptir ekki öllu máli fyrir hylli þeirra meðal íslensku þjóðarinnar. Fornsögurnar mega alls ekki festast í þeirri ímynd að vera bókmenntir sem enginn les án þess að setja sig í stellingar. Þær verða að vera lesnar áfram eins og þær voru hér áður, sem reyfarar og ástarsögur til skemmtunar og dægradvalar. Með því einu móti geta þær haldist sem lifandi orð meðal þjóðarinnar. Annars eru þær dæmdar til þröngs hóps menningarspjátrunga og fræðimanna. Og þar með verða þær áhrifalausar. En áhrifaleysi eru líklega verstu örlög allra bókmennta.

## Skrílsleg skemmtun

Aðdáun á Shakespeare í Bandaríkjunum var vitaskuld ekki bundin við villta vestrið. Svo virðist sem Bandaríkjamenn – hvar sem þeir bjuggu – hafi haft mikið eftirlæti á enska skáldinu. Í frægu riti sínum um *lýðræði í Ameríku* frá 1848 segist frakkinn Alexis de Tocqueville að á ferðum sínum um landið hafi hann aldrei komið inn í þann bjálkakofa í Bandaríkjunum sem ekki hafi haft geymt einhver verk eftir Shakespeare í ódýrri útgáfu. Ennfremur hefur því verið haldið fram að fjórða hvert leikrit sem sýnt var í leikhúsum á austurströnd Bandaríkjanna á fyrri hluta nítjándu aldar hafi verið eftir Shakespeare. Hins vegar virðist aðdáunin á skáldinu frá Stratford hafa náð hæst í villta vestrinu. Hvarvetna þar vestra voru bæir, kennileiti og námur skírðar í höfuðið á skáldinu sjálfu eða persónum úr leikritum hans. Verkin voru vitanlega ekki aðeins flutt á sviði í leikhúsum heldur voru þau einnig lesin upp á heimilum. Og þá voru ljóðin ekki síður metin en hið óbundna mál. Að sögn var það ekki óalgeng sjón á sléttunum miklu að sjá kúreka sitja og hlusta, hljóða og hugfangna á upplestur á verkum skáldsins. Aðdáun alþýðunnar á góðskáldinu kom ekki aðeins fram í beinum flutningi á leikritum hans heldur einnig í alls konar gamanleikjum og snjöllum orðaleikjum sem sneru út úr textum hans. Gamanverk byggð á verkum Shakespeares eins og *Julius Sneezer* eða *Roamy-E-Owe and Julie-Ate* nutu mikilla vinsælda og ennfremur gátu sviðsetningar á verkunum verið mjög breytilegar. Desdemóna gat t.d. birst á sviðinu og spilað á banjó í sumum uppfærslum og Hamlet gat komið fram í snjóbofsum og með húfu og sungið línurnar frægu *að vera eða ekki vera* undir laginu þrjár blindar mýs (*three blind mice*). Þetta sýnir hve þekkt góðskáldið var en aðeins er hægt að umsnúa ljóðlínum fólki til gamans ef rétt merking þeirra er á allra vitorði. Ennfremur sést hve frjáls og óþvinguð tengsl almúginn hafði við Shakespeare.

Sem dæmi um einlæga Shakespeare-aðdáendur má nefna þá glæpabraður Frank og Jesse James sem þóttu lagnir að ræna lestir á sinni tíð. En frægasti Shakespeare-aðdáandinn er án efa sporrekjandinn og leiðsögumaðurinn Jim Bridger. Bridger þessi var ólæs en er helst minnst fyrir að hafa fyrstur hvíttra manna fundið Saltvatnið stóra í Utah þar sem mormónar settust síðar að. Bridger þessi heyrði af Shakespeare frá yfirmanni sínum í setuliði hersins og keypti ritsafn skáldsins af landnema einum og greiddi nokkur

kýrverð fyrir eða sem svaraði einum mánaðarlaunum hans sjálfs. Því næst réð hann dreng til þess að lesa verkin fyrir sig næsta vetur. Brátt urðu verk meistarans honum svo töm á tungu að hann gat vitnað í þau undir öllum kringumstæðum, en auk þess náði hann mikilli færni í því að bölvva og ragna undir sama formi og bragarhætti og skáldið sjálft. Þetta gerði hann af slíkri leikni að viðstaddir áttu erfitt með að gera sér grein fyrir hvar orð Shakespeares enduðu og spuni fjallaferðalangsins tók við.

Ástæðan fyrir þessum miklu vinsældum Shakespeares vestan Atlantsála kann að vera sú að frumsamin bandarísk skáldrit voru ekki á hverju strái á fyrri hluta nítjándu aldar. Þess í stað jós þjóðin af hinum sameiginlega engilsaxneska menningararfi eða flutti inn bókmenntaverk frá Bretlandi. Tocqueville hélt því t.d. fram um miðja nítjándu öld að einu bandarísku bókmenntirnar sem stæðu undir nafni væru dagblaðaskrif en að öðru leyti var enskur innflutningur allsráðandi. Raunar hafi yfirráð Bretlands yfir bókmenntum Bandaríkjanna verið svo alger að bandarískir höfundar hafi ekki náð að selja verk sín meðal sinna eigin landa fyrr en þau höfðu náð viðurkenningu í Englandi. En alþýðuhylli Shakespeares þarf kannski ekki að koma á óvart ef haft er í huga að á sínum tíma voru leikritin samin með sauðsvartan almúgann í huga. Leiksýningar þóttu heldur ekki sérstaklega vandaðir menningarviðburðir á Bretlandi á sextándu öld og kvenfólki var bannað að taka þátt í þeim. Fyrir mörgum fágúðum mönnum – líkt og franska skáldinu og heimspekingnum Voltaire – voru leikrit Shakespeares í besta falli skrílsleg skemmtun og í versta falli trúðsleikur. Það átti jafnvel við þótt þeir sömu væru að öðru leyti aðdáendur breskrar menningar – líkt og Voltaire var sjálfur.

Vesturfararnir komu víða að og voru af ýmsum sauðahúsum. Þeir töluðu enska tungu gjarnan með áherslum sem voru allfjarri því að vera breskar, enda höfðu þeir ekki ýkja mikinn áhuga á því sem nú er nefnt engilsaxnesk hámenning. En samt hafa þeir líklega ekki verið ýkja frábrugðnir þeim þeim áheyrendum sem góðskáldið þekkti í Lundúnum á sinni tíð. Í báðum tilvikum var um að ræða almúgafólk sem margt var nær ólæst en kunni samt að meta góðar sögur og sjónleiki. Og svo vildi einnig til að vegna skorts á kvenfólki vestur þar þurfti einnig að nota karlmenn í kvenhlutverk líkt og tíðkaðist á Englandi á 16. öld. Sjálfur Ulysses Grant varð að taka að sér hlutverk Desdemónu er herdeild hans ákvað að setja upp leikritið *Ópello* á meðan dvalið var í

Texas og beðið eftir skipunum um að ráðast inn í Mexíkó árið 1846. Grant var eins og kunnugt er yfirherforingi Norðurríkjanna í þrælastríðinu og síðar forseti Bandaríkjanna.

## Vestrið tamið

Árið 1849 brutust út einar blóðugustu óeirðir í sögu landsins þegar tíu þúsund manna hópur safnaðist saman fyrir framan Astor Place óperuhúsið í New York og mótmælti uppfærslu á Makbeð sem þar fór fram. Almúganum þótti sýningin vera of uppskrúfuð og ætluð yfirstéttarfólki. Brátt tók að hitna í kolunum. Fólk fór að henda grjóti í húsið og eftir nokkrar ryskingar hófu lögreglusveitir borgarinnar skothríð á mótmælendur. Þegar skothvellirnir þögnuðu lágu 22 í valnum og gera þurfti að sárum 150 manna. Bókmenntafræðingurinn Lawrence W. Levine heldur því fram að á seinni hluta nítjándu aldar hafi bandarísk menning klofnað í tvennt: skemmtun og list eða í hámenningu og lágmenningu. Fyrir þann tíma hafi slík skil ekki verið fyrir hendi – fólk gerði ekki greinarmun á skemmtun eða afþreyingu annars vegar og list hins vegar. Þetta var endurmat sem átti sér stað um öll Bandaríkin, hófst á austurströndinni og barst síðan vestur á bóginn. Og svo vildi til að Shakespeare féll í hlut menningarvitanna sem álitu verk hans alvarlegar bókmenntir með mikilvægan boðskap sem átti að setja upp með nákvæmum og settlegum hætti. Fólk í vestrinu, eins og reyndar sauðsvartur almúginn um öll Bandaríkin, vildi setja verkin upp á hraðan og átakamikinn hátt með nógu miklum atgangi og látum. Háttur austurstrandamanna þótti þeim bera keim af snobbi og yfirlæti.

Ofangreindar óeirðir áttu sér reyndar stað sama ár og gullæðið hófst í Kaliforníu og gullgrafararnir tóku þessar deilur með í farangri sínum. Þar vestra var þó ekkert efamál hvor útgáfan af Shakespeare féll betur í kramið. Á nýnumdu svæðunum var fylking menningarfrömuða fremur þunnskipuð og almenningur gat óáreittur sett leikverk meistarans upp með sínum hætti. Hins vegar kom að því að Villta vestrið varð tamið og leiksýningar að hætti Astor Place urðu þar alls ráðandi líkt og á austurströndinni. Þegar skemmtanagildið tók að víkja fyrir listrænni nákvæmni og fágun varð atburðarásin einnig hægari og leikritin fengu þann óverðskuldaða stimpil að vera leiðinleg. Og um leið og farið var að líta á verk Shakespeares sem hástemmda list fremur en góðan söguburð urðu þau fjarlæg fyrir venjulegu fólki.

Loks þegar orð Shakespeares hættu að heyrast lesin upphátt varð málfar hans brátt tyrfið og óárennilegt fyrir þá sem reyndu að lesa þau upp á eigin spýtur. Þá má auðvitað bæta því við að ensk tunga hefur tekið mjög stórstígum breytingum á þessari öld. Málfar vesturfaranna, og annars enskumælandi fólks á síðustu öld, stóð þrátt fyrir allt mjög nálægt því sem tíðkaðist á Englandi á tíma Shakespeares þó að framburðurinn væri ekki sá sami. Á þessari öld hefur ýmis konar slangur ratað inn í málið og gömul orð og málfræðireglur hratað út og málið hefur fjarlægst tungu leikritanna með miklum hraða.

Shakespeare nýtur enn nokkurrar hylli í vesturhluta Ameríku, þótt ekki sé hann jafn ríkur þáttur í daglegu lífi fólks og áður. Meðal annars hafa nokkrir vestrar verið soðnir eftir sögu meistarans svo sem *Broken Lance* (1954) sem er gerð eftir *Lé konungi* og *Jubal* (1956) sem endursegir *Óþelló*. Þeir vestanmenn hafa átt frumkvæðið að fjölmörgum Shakespeare-hátíðum, auk þess sem nokkur glæst leikhús frá gullaldartímanum eru enn varðveitt. Þá gefst einnig tækifæri á því að upplifa ósvikna villta-vesturs-stemmingu með því að hlýða á eitthvert af leikverkum meistarans undir berum himni. Hins vegar er ljóst að almúginn hefur fyrir margt löngu snúið sér að annarri afþreyingu. Framboð á skemmtiefni er orðið svo margvíslegt á okkar tímum og svo langt teygst í því að þjóna löngunum og duttlungum fólks, að Shakespeare stendur í mun harðari samkeppni en forðum daga í villta vestrinu. Annað verkefni er svo að reyna að bjarga skáldinu úr klóm þeirra sem vilja ekkert fremur en lesa alls kyns pólitískan boðskap úr verkum hans, s.s. um kvennakúgun, kynþáttahatur og stéttaskiptingu, svo nokkur eftirlætis yrkisefni bandarískra bókmenntafræðinga séu nefnd.

## **Baðstofur og bókmenntir**

Ekki þarf mikið hugarflug til þess að sjá samlíkingu með höfuðskáldi þeirra Engilsaxa og fornbókmenntum Íslendinga sem að vísu eru skapaðar af mörgum meisturum, flestum nafnlausum. Í báðum tilvikum er um að ræða stærstu einstöku dýrgripina í menningararfi engilsaxa annars vegar og norrænna manna hins vegar. Ísland á níttjándu öld á það einnig sammerkt með Bandaríkjunum á sama tíma að samfélagið var ekki lagskipt í sama mæli og í Evrópu og lítið bil var á milli afþreyingar og listar. Ennfremur var framboð fremur lítið af nýrri skáldritun framanaf af öldinni. (Piltur og Stúlka er talin fyrsta

nútímaskáldsagan, útgefin 1850). Af þeim sökum var lítið annað að gera en sækja í menningarsjóði fortíðarinnar líkt og gerðist fyrir vestan haf á sama tíma. Íslendingar höfðu að vísu ekki mikið af leiksýningum að segja á fyrri tíð, en þeir sóttust samt eftir sögum og upplestri og þeirri þörf svöluðu fornsögurnar vel líkt og verk Shakespeares í þjálkakofum fyrir vestan haf. Raunar má með nokkuð góðum rétti segja að fornsögurnar hafi verið sviðsettar í baðstofunum með rímunum – sagnabálkum í tugum erinda – sem voru kveðnar af kunnáttumönnum. Góðir upplestarar og sagnamenn fóru á milli bæja og skemmtu fólki við vinnu sína og voru eftirsóttir líkt og þjálfaðir Shakespeare-leikarar vestra. Íslendingar voru skítugir, lúsugir og fátækir, en á kvöldvökunum fengu þeir að lifa í glæstum norrænum sagnaheimi með sama hætti og leikverk Shakespeares lyftu vesturförunum yfir eril hversdagsins. Afþreying væri þetta líklega kallað nú á tímum. Norræni sagnaarfurinn var raunar svo inngróinn í þjóðarsálina að fólk í afdölum sem á útnesjum ræddi um fornkappa eins og góðkunningja sína og orti kvæði undir dýrum bragarháttum og gömlum kenningum á milli gegninga. En það sem rak þennan bókmenntaáhuga áfram var fyrst fremst skemmtanþorsti og sókn í afþreyingu. Fólkið vildi heyra um svik Hallgerðar, aflraunir Grettis, stirðlyndi Egils og fláræði Snorra goða með sama ákafa og rúmlega öld síðar var fylgst með fjölskyldulífinu í Dallas-þáttunum eða Friends.

Ef þeirri spurningu er velt upp hvort íslensk menning hafi orðið lagskipt á nítjándu öld er líklega fátt um örugg svör. Það var þó á þeirri öld sem Íslendingasögurnar voru gerðar að opinberu menningarviðmiði – líkt og verk Shakespeares vestur í Bandaríkjunum. Sumir gætu jafnvel freistast til þess að líta á árás Jónasar Hallgrímssonar á rímnaskáldin í 3. árgangi Fjölnis árið 1835 sem tilraun til þess að búa til nýja hámenningu og setja rímurnar niður sem lágmenningu. En þetta er þó varla réttmæt ályktun. Markmið Jónasar var ekki að skipa sjálfum sér né öðrum ofar alþýðunni. Þvert á móti. Ástæðan fyrir því að hann réðst á rímnaskáldin var sú að hann vildi búa til nýja alþýðumenningu – færa hana til sama horfs og fyrir sexhundruð sumrum. Og það heppnaðist a.m.k. upp að ákveðnu marki. Á nítjándu öld átti sér stað dálítill menningarbylting á Íslandi þegar íslenskir endurreisnarmenn – Fjölnissinnar, Þjóðernissinnar, hvað sem þeir eru kallaðir – mótuðu nýja þjóðarímynd í mynd gömlu fornsagnanna. Einn hluti af þessari byltingu sneri að ritstíl og málfari en annar að hreinni

þjóðernisvakningu. Það sem fyrir þeim vakti – og sést vel í kvæði Jónasar um Ísland farsældafrón – var að breyta fornsagnalestrinum úr veruleikaflótta í framfarahvatningu. Þannig var sköpuð ný alþýðumenning þar sem fornsögum var skipað í öndvegi og ef eitthvað var fengu landsmenn meiri ást á fornsögum þegar líða tók á öldina. Hins vegar er ekki hægt að segja hið sama um tuttugustu öld. Ef til vill voru það svipaðir hlutir sem gerðust í landnemabyggðum Bandaríkjanna þegar biblían og Shakespeare sköpuðu eina engilsaxneska menningarheild þar vestra, en það er önnur saga.

Ef til var það á þessum vígstöðvum sem sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar var raunverulega háð en á hitt verður þó að líta að stór partur af þessari menningarpólitík var ekki meðvitaður. Landsmenn höfðu einnig um langan aldur drukkið í sig sjálfstraust úr Íslendingasögum og þóttust þess fullvissir að hvaða vaðmálsklæddur sveitamaður sem væri jafnaðist á við strokna borgara eða aðalsmenn úti í heimi. Það var síðan þessi drýldni landsmanna – sem útlendingum finnst annaðhvort sjarmerandi eða hreint og beint óþolandi – sem varð hornsteinninn að fullveldi Íslendinga sem vér þekkjum nú. Enginn þurfti að skýra það út fyrir landsmönnum hvað fullveldi hefði í för með sér, því fólk hafði lesið fjölda bóka frá tímum þjóðveldis. Enginn þurfti heldur að halda langa málfræðifyrirstra yfir íslenskri alþýðu um endurreisn íslenskunnar, því málfar Snorra Sturlusonar var henni enn tamt á tungu þótt menntamenn og embættismenn töluðu dönskuskotið. Enginn þurfti heldur að stappa stálinu í fámenna og fátæka þjóð og sannfæra hana um að hún gæti staðið á eigin fótum. Það voru aðeins Danir sem þurfti að beita fortölum, því þeir áttu erfitt með að skilja sjálfstraust og kokhreysti nokkurra örbjarga bændagarma norður við ysta haf. Íslendingar voru hins vegar vissir um sjálfa sig og sitt af því sem næst barnalegu öryggi.

## **Sjálfstæði og sagnaskemmtun Íslendinga**

Í frægum fyrirstri árið 1909 réðst Jónas frá Hriflu – þá nýkominn úr námi – á fasteignasala í Reykjavík, Jóhann Jóhannsson að nafni, og kvað hann spilla íslenskri æsku með því að þýða reyfara, eins og Kapítólu, á íslenska tungu. Jóhann þessi hafði viðurefnið próki (prókúruhafi) vegna þess að hann stóð einnig í fasteignaviðskiptum (sem



Jónas taldi einnig siðlaust athæfi). Jónas fékk mikla frægð af þessum fyrirlestri sem var prentaður í Ingólfi, málgagni landvarnarmanna. En Jóhann tók mjög nærri sér þessar ásakanir um menningar- og fjármálaspillingu og framdi reyndar sjálfsmorð ekki löngu síðar. Á þessum tíma hefur dýrkun á fornsögunum líklega náð hámarki í hita sjálfstæðisbaráttunnar og ungir menn klæddu sig gjarnan í fornmannabúninga til þess að komast í réttan þjóðfrelsisanda. Hvort sem bókaútgáfa Jóhanns próka var upphafið að endinum fyrir hylli fornsagnanna meðal Íslendinga skal ósagt látið en ljóst er að téðar sögur hafa nær algerlega horfið úr alþýðumenningu hérlendis við lok tuttugustu aldar.

Ljóst er að tuttugasta öldin hefur verið gjöful við Íslendinga og heitustu óskir þjóðarinnar hafa gengið eftir í sjálfstæðis- og framfaramálum og óþarfi að klæða sig lengur í fornmannabúninga af þeim sökum. Jafnframt hafa landsmenn nú annað þarfara að gera á kvöldin en sitja á rúmum sínum í dimmum baðstofum og þrjóna vettlinga. Venjulegt fólk hérlendis heldur að vísu enn sínar kvöldvökur í hálförökkri í blokkum og raðhúsum um landið þar sem sjónvarpið hefur tekið að sér hlutverk sagnamannsins. Ennfremur er þískrað um að fornsögurnar séu stíðar og leiðinlegar og grunnskólanemendur stynja þungan undan Gísla sögu Súrssonar sem þeir eru neyddir til þess að lesa. Hins vegar eru allir afskaplega sammála um að sögurnar séu merkilegar og mikils virði og þar fram eftir götunum, en venjulegir leikmenn sjá litla ástæðu til þess að vasast í fornfræðum. Þá er betra að eftirláta sögurnar fræðafólki sem þiggur laun frá ríkinu fyrir að reyna að sjá út úr þeim kvenfyrirlitningu, kynhverfu, stéttaskiptingu og andstöðu við markaðshyggju svo eitthvað sé nefnt. Hér er því gamalkunnugt mynstur að koma í ljós. Fornritin eru að komast í sömu stöðu og verk Shakespeares hafa nú í vesturhluta Bandaríkjanna, að verða sýningargripir sem eru dregnir fram á tyllidögum en allir gleyma þess á milli. Ef til vill má rekja þetta til þess að um leið og þjóðfélagið hefur orðið lagskipt hefur hið sama gerst í menningarlífinu. Íslendingar vinna ekki allir í sömu atvinnugrein – landbúnaði – eins og á fyrri tíð og hin pólitíska þörf fyrir fornsögurnar er ekki lengur fyrir hendi. En þetta er þó aðeins eitt dæmi af mörgum um hvernig alþýðumenning nítjándu aldar hefur brotnað í mola sem hefur dreifst á milli þjóðfélagsstétta. Ef til vill mætti halda því fram að menningarbylting Fjöldnissinna hafi gengið til baka.

Það er sérstaklega lýsandi að rifja upp sögu íslenskrar ljóðlistar. Í frægum fyrrnefndum ritdómi um rímnabók Sigurðar Breiðfjörð í Fjölni 1835 réðst Jónas Hallgrímsson að rímunum fyrir að vera umbúðir án innihalds, þ.e. umfjöllun um fremur klén efni undir dýrum háttum (sem honum fannst skáldin ekki alltaf ráða við). Fyrir Jónasi var ljóðagerð ekki aðeins íþrótt heldur einnig list. Og hann vildi koma ljóðrænu fyrir í alþýðukveðskap. Þess vegna lét hann sér ekki aðeins nægja að gagnrýna rímurnar heldur endurorti hendingar til þess að reyna að sýna fram á hvað væri rétt og rangt í þessum efnum. Um persónuleg áhrif Jónasar á íslenska ljóðagerð má líklega skrifa margar lærðar ritgerðir en getur vart talist helgisþjöll að kalla síðari hluta nítjándu aldar og fyrstu áratugi þeirrar tuttugustu blómaskeið í íslenskri ljóðagerð. Þetta var tími þjóðskáldanna. Þá las öll alþýða manna ljóð og ljóðskáldin – s.s. Davíð Stefánsson eða Einar Ben. – náðu slíkri alþýðuhylli að jafna mætti við poppstjörnur nú á tímum. Og ungir metnaðargjarnir menn reyndu með öllum ráðum að verða skáld á skólaárum sínum og öðlast þannig virðingu samborgaranna. Íslensk ljóðlist byggðist á samspili bragarháttar og ljóðrænu sem virtist falla alþýðunni vel í geð og enginn gat orðið skáld nema hafa vald á hvoru tveggja.

Á ofanverðri tuttugustu öld skiptist ljóðlistin hins vegar í tvennt. Alþýðan situr nú með formið – skemmtunina. Heyra má sjálfskipaða hagrýðinga böggla saman tækifærisvísu á afmælum og hátíðum eða tilnefnda hagrýðinga klæmast opinberlega á hagrýðingakvöldum fólki til skemmtunar. Hér hefur form ferskeytlunnar haldist – stuðlar og höfuðstafir eru virtir – en efnið er yfirleitt merkingarlítil leir sem gleymist áður en kvöldið er úti. Líklega felst þó obbi íslenskrar alþýðuljóðlistar í dægurlagatextum sem iðulega halda einhverju rími. Jafnvel mætti halda því fram að rappið dragi þó nokkuð dóm af gamla rímukveðskapnum. Menningarvitarnir hafa aftur á móti tekið ljóðrænuna – listina – traustataki. Ljóðabækur eru enn gefnar út. Skáldin eru enn til en fer fækkandi enda er salan hverfandi. Raunar er „alvöru“ ljóðskáldum lítil sem enginn gaumur gefinn og alþýðan þekkir þau ekki með nafni nema þau hafi vakið athygli á sér með því að hafa með höndum annað starf – óskilt ljóðlistinni – sem hefur gjört þau nafnkunnug fjöldanum. Hér er því ekki haldið fram að formlaus ljóð – atómljóð – séu ekki skáldskapur. Fjarri því. Aðeins er verið að benda á að íslensk alþýða hefur ekki fylgt

menningarvitunum eftir í ljóðlist á síðari hluta tuttugustu aldar. Tími þjóðskáldanna er liðinn en tími rímnaskáldanna – rapparanna – er ef til vill upprunninn á ný.

## Ógnir markaðarins

Þegar öllu er á botninn hvolft, þá kitla reyfarar og öndvegisbókmenntir sömu bragðlauka en næringargildið er mismunandi. Reyfarar eru sætmeti sem gefa orku í erli dagsins en skilja lítið eftir sig. Bókmenntirnar eiga hins vegar að vera kjarnbetri og stuðla að uppvexti og þroska þess sem neytir. Auðvitað getur það verið háð duttlungum tímans hverju sinni hvað teljast sorprít og hvað gullaldarbókmenntir en látum það liggja á milli hluta. Versta staða sem öndvegisbókmenntir geta lent í er ef þær hætta að teljast bragðgóð næring og fara að flokkast sem lýsi og grænfóður sem fólk sem neytir aðeins af skyldurækni eða neyð. Raunar er hægt að draga þessa líkingu lengra til þess að komast að kjarna málsins. Á Vesturlöndum er offita vandamál nú á dögum vegna þess að flestir borða án þess að velta sér mikið upp úr næringargildi og þegar upp er staðið er það bragðið sem ræður vinsældum hveurrar fæðu. Á fyrri tíð átu flestir mun hollari fæðu en nú vegna þess að ekki var á öðru vól og galdrar nútímamatvælaframleiðslu með fitu og sykri voru ekki enn komnir fram. Þeir sem hins vegar borða hollustufæði nú á tímum gera það vegna þess að þeir hafa tekið um það meðvitaða og upplýsta ákvörðun. Lausnin við offituvandamálinu felst ekki aðeins í fræðslu heldur fremur í því að breyta matarmenningunni til betri vegar. Og hið sama gæti átt við um bókmenningu landsins. Þeir sem lesa fornsögurnar nú á tímum gera það af meðvituðum ástæðum en ekki af þeirri ástæðu einni saman að þeir vilji svala hungri eftir afþreyingu. En næg vól er á ódýru skyndibitafæði fyrir hina.

Oft er því haldið fram að hámenning hafi látið undan síga fyrir lágmenningu eða skemmtanaíðnaði sem er rekinn áfram af markaðsöflunum. Í því samhengi er yfirleitt talað „markaðinn“ sem sjálfstæða veru sem komi andstyggilegum gróðasjónarmiðum til leiðar. Orðið *markaður* þýðir þó aðeins svæði sem hefur verið *markað* af til kaupskapar og er sú merking enn rétt á okkar tímum. Innan *markaðanna* er síðan fólk. Orðið *markaður* í eintölu er aðeins annað orð yfir íslensku þjóðina þegar hún kaupir eitthvað og selur. Það er því ekkert markaðnum að kenna í sjálfu sér. Hann er aðeins spegill

Þjóðfélagsins og hefur sama bókmenntasmekk og þjóðin sjálf. Þetta þýðir einfaldlega að markaðirnir endurspeglu aðeins þá hugarfarsbreytingu sem þegar hefur átt sér stað. Ef bandarískur almenningur hefði raunverulega áhuga á verkum Shakespeares stæði ekki á skemmtanaíðnaðinum að koma þeim til skila. Þetta leiðir hugann að því lögmáli að góðar bókmenntir verða alltaf fyrst metnar vegna þess að þær eru skemmtilegar. Skáldin gegna hér lykilhlutverki, en þau eru aflvana nema þeim heppnist að ná athygli þess mikilvæga fólks sem hefur það auknefni að kallast venjulegt. En venjulegt fólk tekur aðeins við skemmtilegum bókmenntaverkum og hatar alla tilgerð. Íslendingasögurnar höfðu gífurleg áhrif á íslenskt samfélag á níjtjándu öld – hvort sem átt er við menningu eða pólitík – vegna þess að þær voru sameign alþýðu og menntamanna með sama hætti og Shakespeare í villta vestrinu. Líklega mátti segja hið sama um bækur Halldórs Laxness um miðja öldina, enda ferðaðist hann um landið með vasabók þar sem hann skráði hjá sér tal alþýðufólks er hann varð vitni að. Verk hans voru umdeild en þjóðin las þau. Laxness var fyrst og fremst skemmtilegur sagnamaður líkt og hinn nafnlaus höfundur Njálu og hinn nafnkunni Shakespeare frá Stratford.

Verkefni Fjölnissinna með endurreisn íslenskunnar á grundvelli fornsagnanna er ekki eina dæmið um hvernig skáld hafa getað búið til nýja alþýðumeningu í ákveðnu augnamiði. Laxness og aðrir rauðir pennar höfðu það markmið um miðja tuttugustu öld að færa stéttabaráttu og kommúnisma til þjóðarinnar. Það heppnaðist reyndar býsna vel og mun betur en annars staðar á Norðurlöndunum þar sem kommúnistaflokkar áttu fremur erfitt uppdráttar. Vitanlega líta þessar pólitísku skoðanir sem var laumað ofan í landsmenn fremur herfilega út nú á tímum, en bókmenntagildi þessarar rauðu alþýðumeningar er hins vegar fremur mikið. Raunar er svo komið að bestu rauðu pennunum hefur verið lyft á stall hámenningar fyrir ofan alþýðuna. Þannig er næsta líklegt að hin opinbera tilbeiðsla á Halldóri Laxness – sem nú er að komast í móð – muni jafnframt gera verk hans fjarlæg og óárennileg fyrir venjulegt fólk sem óttast að fá harðlífi af neyslu slíkra gullkorna sem bækur nóbelskálldsins eiga að geyma. Sú þróun hefði líklega verið verulega á móti vilja hans sjálfs svo mjög sem hann sóttist eftir því að hafa raunveruleg áhrif um sína daga.

Vinsældir Shakespeares í villta vestrinu sýna vel að list og skemmtun geta hæglega verið eitt. Og það er merki um fordóma nútímafólks að geta ekki hugsað sér

kúreka njóta leiksýninga í stað þess að drekka og slást. Ennfremur hættir nútímafólki til að gera of lítið úr forfeðrum sínum í moldarkofunum sem voru þrátt fyrir allt betur bókmenntaðir en helftin af þjóðinni er nú, þrátt fyrir að hafa aldrei farið í skóla. Hvorki fátækt, erfiðisvinna né skortur á formlegri skólagöngu þarf að tákna menningarleysi. Þvert á móti. Listir eiga ekki að vera eitthvað sem fólk getur aðeins notið eftir langan undirbúning og skólagöngu og eru það ekki í raun og veru. Alþýðan býr yfir sköpunargáfu sem skortir oft á hærri stöðum. Og þegar alþýðulist er gerð að hámenningu er oft sem hún verði að steini – klassík – sem ekki er lengur ætluð til gamans nema fyrir fáa útvalda. Aftur á móti getur almúginn oft verið ansi vegalaus og villst með sköpunargáfuna í lítilsiglda hluti ef hann hefur ekki stefnumið af bókmenntaarfleið eða menningarvitum þjóðarinnar. Hér verður að ríkja jafnvægi í anda þess sem Jónas Hallgrímsson talaði fyrir á sínum tíma og var grundvöllurinn fyrir menningarbyltingu Fjölnissinna og tilvist íslenskrar menningar eins og vér þekkjum hana nú.

Ásgeir Jónsson (f. 1970) er doktor í hagfræði og starfar sem sérfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Heimildaskrá

Barzun, Jacques „Fram Dawn to Decadance: 500 Years of Western Cultural Life” New York 2000

Bloom, Harold „Shakespeare: The Invention of the Human” New York 1998

Buruma, Ian „Anglomania: An European Love Affair” New York 1998.

Guðjón Friðriksson „Með sverðið í annarri hendi en plóginn í hinni: Saga Jónasar frá Hriflu” Reykjavík 1991.

Levine, Lawrence ., Highbrow/Lowbrow: The Emergence of Cultural Hierarchy in America” New York 1990.

Tocqueville, Alexis "Democracy in America" í þýðingu George Lawrence 1966